

Komið þið sæl

Eins og einhverjum ykkar ætti að vera kunnugt þá hef ég verið viðriðinn rekstur Eftirlaunasjóðs FÍA í nokkur ár, fyrst sem stjórnarmaður í 3 ár og svo sem stjórnarformaður í 6 ár. Óhætt er að segja að þessi ári hafi verið virðburðarík og mörg stór viðfangsefni komið upp. Hæst ber þó eftirmál hrunsins og rekstur sjóðsins í erfiðum skilyrðum sérstaklega í fjötrum fjármagnshafta. Staða sjóðsins í erlendum eignum hefur frá því ég tók við verið lítil í samanburði við aðra lífeyrissjóði en lægst var hún rúmlega 5% . Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka erlendar eignir sjóðsins sem hefur tekist vel því erlendar eignir standa nú í tæpum 30% af heildareignum.



Tilfærsla sjóðsins frá Landsbanka Íslands til Arion banka var sömuleiðis ansi viðamikil verkefni sem ég tel að hafi heppnast ákaflega vel. Samstarfið hefur verið afskaplega farsælt en auðvitað þarf stöðugt að vera á verði þegar rekstri sjóðsins er útvistað með þessum hætti.

Rekstur sjóðsins hefur verið í góðu horfi síðustu ár. Ávöxtun sjóðsins hefur verið vel ásættanleg ef frá eru talin árin 2016 og síðastliðið ár, 2018. Þegar horft er 5 eða 10 ár aftur í tímann er ávöxtun sjóðsins nokkuð yfir viðmiði og yfir meðallagi við aðra lífeyrissjóði. Það sem af er ári 2019 er ávöxtun sjóðsins rétt um 9% og síðastliðin 5 ár um 8% nafnávöxtun eða 6% raunávöxtun. Viðmið sem lífeyrissjóðum er sett er 3,5% ávöxtun.

Mörg verkefni eru framundan hjá sjóðnum sem bæði eru stór og smá. Það sem snýr að ytri þáttum er helst stærð lífeyriskerfisins og hlutfall þess af landsframleiðslu. Lífeyrissjóðir eiga í dag rétt um 50% af skráðum innlendum hlutabréfum og er nokkuð ljóst að lífeyrissjóðir þurfi að leita í auknum mæli í erlendar fjárfestingar sem ég tel til bóta til að dreifa áhættu sjóðsins.

Það er margt sem snýr að sjóðnum sjálfum, hæst ber kannski sú umræða sem snýr að auka lýðræði einstaklinga í lífeyrismálum ásamt þeim verkefnum sem falla til varðandi almennan rekstur. Sjóðurinn er nú til að mynda að stíga það skref að sjóðfélagar kjósi sér sína fulltrúa til setu í stjórn. Fleiri þættir koma þar til og þarf stjórn EFÍA að fara í ákveðna stefnumótun sem nú þegar er hafin.

Það er ljóst að verkefni eru mörg og auðvelt að lengja þessa grein mikið með upptalningu sem snýr að stefnumótun sjóðsins sem ég ætla að hlífa ykkur við.

Ég tel mig vera góðan fulltrúa okkar sjóðfélaga að sinna þessum verkefnum áfram. Grunnám í viðskiptafræði sem og meistaranám úr Háskóla Reykjavíkur í fjármálum fyrirtækja nýtist mér mjög vel, reynsla sem og þekking á lífeyriskerfinu í heild gerir mig mjög hæfan að sinna áfram þeim verkefnum sem stjórn EFÍA bera að sinna.

Ég hef því ákveðið að bjóða mig fram til áframhaldandi setu í stjórn EFÍA og vonast eftir stuðningi ykkar.

Ársfundur sjóðsins mun fara fram þann 28. maí nk í Grjótsnesi og er það von mín að flestir sjái sér fært að mæta og taka þátt í skemmtilegum umræðum sem þar skapast.

Að lokum vil ég minna alla á að nýta atkvæðisrétt sinn en kosið verður með rafrænum hætti og hefst atkvæðagreiðsla á ársfundi sjóðsins.

Kær kveðja
Sturla Ómarsson